

# Starfsemin að Kjarvalsstöðum efld

SJ-Reykjavík Nú er í ráði að efla starfsemi Kjarvalsstaða, en nýtt listráð hefur tekið þar til starfa, sem og framkvæmdastjóri þess Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, en Alfreð Guðmundsson er enn sem fyrr forstöðumaður hússins. Reykjavíkurborg hefur aukið fjárveitingar til hússins og starfseminnar þar og er nú m.a. verið að gera ýmsar umbætur utanhúss. Sýningarskrá stóru sýningarsalanna tveggja í húsinu er að heita má fullskipuð út þetta ár. Með haustinu er ætlunin að margs konar önnur starfsemi hefjist í húsinu, þ.á.m. reglulegir fyrirlestrar um nútímamyndlist, litlar sýningar í glerskápum á göngum og í kaffistofu, og e.t.v. reglulegar sýningar í lítilli galleríaðstöðu innan hússins.

Nýlega er hafin á vegum Kjarvalsstaða og pólska sendiráðsins yfirgripsmikil sýning á pólskum plakötum í göngum og kaffistofu, en eins og kunnugt er, eru pólverjar heimsfrægir fyrir framlag sitt til þeirrar listgreinar. Eru þetta allt plaköt fyrir alls konar menningarstarfsemi og taka þátt í sýningunni nokkrir rómuðustu listamenn pólverja á þessu sviði, t.a.m. Mlodozeniec, Swierzy og Gronowski. Stendur þessi sýning líklega fram í maílok.

Finnsk listakona Tertta Jurvakainen er með sýningu í vestursal Kjarvalsstaða og mun hún sýna mestmegnis olíumálverk. Þann 15. maí mun svo Eiríkur Smith opna einkasýningu í vestursalnum, en síðan, þann 26. maí tekur Listahátíð við báðum sölum hússins. Í vestursalnum mun félagið Íslenzk Grafík væntanlega standa fyrir yfirlitssýningu á íslenzkri grafík frá upphafi og fram á vora daga, en í austursal hússins mun verða sýning á 40 gvassmyndum eftir víðfrægan listmálara, Gérard Schneider. Schneider er fæddur í Svisslandi árið 1896, en er nú franskur ríkisborgari. Hann var einn af þeim listmálurum, sem ásamt Hans Hartung og Pierre Soulages settu mikinn svip á þróun málaralistar í Frakklandi á árunum eftir heimstyrjöldina síðari og er Schneider talinn einn af frumkvöðlum nútíma lýrískrar afstraktlistar.

Meðan á sýningum þessum stendur mun margt annað fara fram að Kjarvalsstöðum á vegum Listahátíðar. M.a. mun hér troða upp leikflokkurinn Comuna frá Portúgal, sem hefur vakið mikla athygli meðal leikhússfólks í Evrópu, Svíinn Gunnar Walkare mun flytja afríska tónlist ásamt þarlendum tónlistarmönnum, Brecht-söngkonan Gisela May mun syngja hér og ræða um þann ágæta leikhúsmann, flokkurinn Ars Antica mun leika á forn hljóðfæri og Rithöfundasamband Íslands mun halda hér Skáldavöku. Væntanlega mun einnig verða flutt klassísk tónlist, bæði gömul og ný, í sölum eða göngum.

Strax að lokinni Listahátíð munu Norrænu Músíkdagarnir fara fram að Kjarvalsstöðum, — og reyndar annarsstaðar. Föstudaginn 18. júní verða haldnir Kammertónleikar í vestursalnum, og flutt verða ný verk eftir norræn tónskáld, þ.á m. Hegdal, Rozmann og Atla Heimi Sveinsson. Laugardagskvöldið 19. júní fer hluti tónleika fram hér, og verða þá flutt kórverk, öll ný af



Aðalsteinn Ingólfsson.

nálinni, og á sunnudag 20. júní flytur The New Music Ensemble frá Toronto fyrri tónleika sína, en þeir síðari fara einnig fram að Kjarvalsstöðum mánudagskvöldið 21. júní. Munu Kanadamennirnir flytja nær eingöngu verk eftir norræn tónskáld.

Í byrjun júlí munu ættingjar listakonunnar Barböru Árnason efna til stórrar minningarsýningar um hana og mun sú sýning standa fram til 18. júlí og samtímis verður sett upp Kjarvalssýning í austursal hússins, þar sem reynt verður að sýna nýjar hliðar á þeim listamanni.

Er þessari minningarsýningu lýkur, mun einn af frumkvöðlum í íslenzkri ljósmyndalist, Óskar Gíslason, setja upp sýningu á verkum sínum í vestursalnum.

Í byrjun ágúst mun svo vestursalnum verða skipt í tvo hluta. Annan helminginn mun sænska grafíkfyrirtækið Sporrong A.B. nota til sýningar á ‚original'' grafík eftir heimsfræga listamenn og er þetta sölusýning. Verða m.a. til sýnis grafíkmyndir eftir Salvador Dali, Marc Chagall, Tapíes, Miró o.fl.

Hinum megin í salnum munu Kjarvalsstaðir sýna einkasafn málverka og teikninga Gunnars heitins Sigurðssonar í Geysi, í samráði við ekkju hans. Er þetta sérstaklega smekklega valið safn og eru í því verk eftir alla þekktustu lisamenn þjóðarinnar, með sérlegri áherzlu á Septembermálurunum svokölluðu, og hefur margt af því ekki komið fyrir almennings sjónir áður.

Þann 18. ágúst mun Félag íslenzkra myndlistarmanna taka við báðum sölum og göngum hússins, og mun félagið opna Haustsýningu sína í lok mánaðarins og verður þá Kjarvalssýningin tekin niður og ekki sett upp aftur fyrr en að sumri 1977. Mun Haustsýningin standa fram í miðjan september.

Þá taka við tvær meiri háttar sýningar í húsinu. Vinir og kunningjar Halldórs Péturssonar halda upp á 60 ára afmæli hans með yfirlitssýningu á verkum hans í vestursal hússins, en á sama tíma mun Gunnar Hannesson ljósmyndari sýna verk sín í austursalnum.

Í septemberlok mun svo Hörður Ágústsson opna einkasýningu í vestursal og fast á eftir fylgir Kristján Davíðsson með einkasýningu.

Rekstur hússins, Kjarvalsstaða, er í höndum sérstakrar hússtjórnar, sem starfar undir yfirstjórn borgarráðs og kosin er hlutfallskosningu af borgarstjórn. Hússtjórn skipa Ólafur B. Thors, Davíð Oddsson og Elísabet Gunnarsdóttir. Þau eiga einnig sæti í listráði auk þriggja fulltrúa, sem Félag íslenzkra myndlistarmanna skipar, eins fulltrúa, sem stjórn Bandalags íslenzkra listamanna tilnefnir og skal tilnefningin háð samþykki borgarráðs. Skal síðastnefndi fulltrúinn vera úr annarri listgrein en myndlist.

Í hinu nýja listráði eru: form. Ólafur B. Thors, Jóhannes Jóhannesson listmálari, Davíð Oddsson borgarfulltrúi, Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri, Elísabet Gunnarsdóttir kennari, Snorri Sveinn Friðriksson myndlistarmaður og Guðmundur Benediktsson myndhöggvari.

Listráð ákveður hverjum skuli heimilað að halda sýningar í svonefndum vestursal Kjarvalsstaða og hve lengi. Ennfremur ákveður ráðið hvort og hvenær skuli heimila afnot salarins til annarra nota, t.d. til tónleikahalds, upplestra eða áþekkrar starfsemi.

Salurinn í austanverðu húsinu, Kjarvalssalur, er fyrst og fremst ætlaður til sýninga á verkum Jóhannesar S. Kjarvals. Önnur notkun salarins til listrænnar starfsemi skal háð samþykki listráðs.

Listráð getur haft frumkvæði að hverju því máli, sem það telur að bæta muni rekstur hússins og færa það nær því takmarki að vera lifandi vettvangur lista og menningar í borginni. Listráði er og skylt að vera til ráðuneytis og samstarfs við hússtjórn um uppsetningu myndverka að Kjarvalsstöðum eða ráðstafanir sem hafa áhrif á útlit hússins, t.d. gerð varanlegra veggskreytinga. Skal slíkt rætt á fundum listráðs.



Barbara Árnason.



Gunnar Hannesson.



Halldór Pétursson.

Aðalfundur K.Þ.:

# Heildarveltan 1975 varð 1,8 milljarðar

Þ.J. Húsavík. — Aðalfundur Kaupfélags Þingeyinga var haldinn í Húsavík 27. og 28. apríl. Mættir voru á fundinum 115 fulltrúar, félagsstjórn, endurskoðendur og kaupfélagsstjóri.

Formaður kaupfélagsins, Teitur Björnsson, stjórnaði fundinum, rakti hann störf félagsstjórnar, og lýsti aðal framkvæmdum K.Þ. á árinu. Heildarfjárfestingar voru með minna móti. Byggt var lyftuhús við Verzlunarhús K.Þ., stækkað útibúið á Laugum, lokið að mestu við byggingar Efnalaugarinnar og haldið áfram að endurbyggja gamla hús Mjólkursamlagsins. Auk þessa var unnið að ýmsum minni háttar framkvæmdum.

Finnur Kristjánsson kaupfélagsstjóri las og skýrði reikninga félagsins fyrir s.l. ár. Heildarvelta félagsins varð 1,8 milljarðar, þar af sala í verzlunarbúðunum 828 milljónir, og er það 43% aukning. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi nam rúmlega 2 milljónum króna. Í ræðu kaupfélagsstjóra kom fram, að rekstrarfjárskortur er nú mjög tilfinnanlegur, og stendur heilbrigðum verzlunarrekstri félagsins mjög fyrir þrifum.

Á fundinum var varið úr Menningarsjóði K.Þ. til ýmissa félagsmála í héraði 350 þúsund krónum.

Í félagsstjórn voru endurkjörnir Baldvin Baldursson Rangá og Skafti Benediktsson Garði. En í varastjórn Óskar Sigtryggsson Reykjarhóli og Þráinn Þórisson Skútustöðum. Endurskoðandi Hlöðver Hlöðversson Björgum.

Samþykkt var á fundinum tillaga um að K.Þ. gerist aðili að hlutafélagi, sem stofna á, um kaup og rekstur skuttogara, er gerður verður út frá Húsavík.

Miklar umræður urðu að vanda um rekstur og starfsemi kaupfélagsins.

Í fundarlok var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur K.Þ., haldinn á Húsavík 27. og 28. april 1976, sendir starfsmönnum Landhelgisgæzlunnar beztu þakkir fyrir vel unnin verk og óskar þeim giftu og farsældar í því erfiða starfi, er þeir inna af hendi til verndar lífshagsmunum okkar í nútíð og framtíð.

Að kvöldi fyrri fundardagsins bauð K.Þ. fulltrúum og gestum þeirra til samsöngs í Félagsheimilinu. Þar söng karlakórinn Hreimur undir stjórn Rudolf Cech, undirleikari var Milada Cechova.

# Árbók F.Í. 1976

Árbók Ferðafélags Íslands 1976 er komin út, og fjallar hún að þessu sinni um Fjallabaksleið syðri, eða nánar til tekið, leiðina úr Skaftártungu að Rangárvöllum, sunnan Torfajökuls. Þessa árbók ritaði Árni Böðvarsson cand. mag. en hann er borinn og barnfæddur Rangvellingur og þaulkunnugur þessari leið og nágrenni hennar. Bókin er liðlega 200 blaðsíður að stærð, prentuð á vandaðasta pappír og skreytt fjölda mynda.

Þessi Árbók er sú 49. í röðinni, en fyrsta árbók F.Í. kom út árið 1928. Fjallaði hún um Þjórsárdal. Fyrstu árbækurnar eru löngu uppseldar, en félagið hefur látið ljósprenta þá árganga, sem seljast upp, jafnóðum, og eru því allar árbækur félagsins fáanlegar nú, nema árbækurnar frá 1931 og 1963. Þær árbækur eru í ljósprentun og munu væntanlega tilbúnar til sölu innan fárra vikna.